

2. janúar 1984

1

Nr. 1

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 486/1982 um söluskatt með áorðnum breytingum.

1. gr.

24. tl. 13. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 735/1983, orðist svo:

Eftirgreindar vélar, enda séu þær ætlaðar til notkunar við fiskvinnslu:

Flökunarvélar, flatningsvélar, roðflettingarvélar, slægingar- og hausskurðarvélar, sem falla undir tollskrárnúmer 84.30.15, svo og hakkavélar, marningsvélar, beinskurðarvélar, flokkunarvélar, fiskþvottavélar, mótunarvélar, hrognaskiljur og hreistrunarvélar, sem falla undir tnr. 84.30.19.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960 um söluskatt, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 2. janúar 1984.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.

3. janúar 1984

Nr. 2

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 423 18. desember 1974, um takmörkun leigubifreiða til mannflutninga í Grindavík og um ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga í Grindavík skal á hverjum tíma miðuð við íbúatölu Grindavíkurhrepps, þannig að ein leigubifreið komi á hverja 500 íbúa, sem lögheimili eiga í Grindavíkurhreppi samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 3. janúar 1984.

Matthías Bjarnason.

Kristinn Gunnarsson.

B 1